

Vogabú ehf
Vogum I
Mývatnssveit

Reykjavík, 31. október 2023
UST202308-209/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Vogabús ehf, dagsett, 28. ágúst 2023, um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Mývatn og Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu eru vernduð skv. [lögum nr. 97/2004](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu skal leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Samkvæmt 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að óheimilt er að eldvörp, eldhraun, gervíggar og hraunhellar njóti sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim nema brýn nauðsyn beri til..

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til lagningu heimreiðar frá Þjóðvegi 848 að Hrauntraðarvegi að sumarhúsum og íbúðarhúsi í landi Voga 1. Kort sem sýnir legu fyrirhugaðar heimreiðar fylgdi með umsókn. Hluti heimreiðarinnar liggur innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá á ca 60 metra kafla. Vegurinn verður lagður á gamalli girðingaslóð innan verndarsvæðisins. Ráðgert er að fara í framkvæmdirnar haustið 2023.

Umsagnir:

Í samræmi við 17 gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúruannsóknarstöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 28. september 2023 vegna framkvæmdarinnar. Engin umsögn barst frá Náttúruannsóknarstöðinni við Mývatn. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 9. október 2023. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur áður veitt umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Voga 1, dags. 1. febrúar 2023, þar sem meðal annars var fjallað um umræddan veg. Líkt og þar kom fram, fela áformin í sér rask á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og sem forðast skal að raska nema brýna nauðsyn beri til. Uppbygging í nágrenni Voga hefur þegar valdið töluverðu raski á hrauni og birkikjarri og æskilegra væri að sleppa nýjum aðkomuvegi og útfæra fremur vegtengingu við núverandi veg sem liggur framhjá Vogum 1 og að Björk 3 og Kotasælu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á verndarsvæðið. Framkvæmdasvæðið er að litlum hluta innan verndarsvæðisins, ofan Þjóðvegur nr. 848, fjær vatninu og á þegar röskuðu svæði. Umrætt landsvæðið er þakið hrauni og birkiskógi en svæðið sem lagt er til að veglínan liggja innan verndarsvæðisins má greina gamlan girðingaslóða og girðingu þar sem minna er um hraun og birki. Verndargildi þess svæðis sem farið yrði um innan verndarsvæðisins hefur því minnkað. Umhverfisstofnun metur því að framkvæmdin mun ekki stefna verndargildi svæðisins í hættu sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Vogabúi ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir veglagningunni innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá sbr. lýsingu hér að ofan og skulu framkvæmdir vera hafnar innan árs frá dagsetningu þessa bréfs og lokið eigi síða en ári frá upphafi framkvæmda að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleiðir ef við á.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vegurinn skal falla vel inn í landslagið, efniviður í vegin skal fengin úr námum og þess gætt að um sé að ræða sambærilegt efni og fyrir er á svæðinu.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Við frágang á vegöxlum skal nýta staðargróður.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdanna.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það afmáð.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnutækjum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi allra landeigenda og sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Dagbjört Jónsdóttir
sérfræðingur